

Kynningarmyndbönd um nám og störf fyrir nemendur og foreldra

Þessa dagana standa nemendur í 10. bekk frammi fyrir því að velja sér nám næsta vetur. Það er margt í boði og því mikilvægt fyrir nemendur ásamt foreldrum að kynna sér námsframboð vel.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ásamt Samiðn hafa látið útbúa stutt myndbönd um þau tækifæri sem felast í störfum í byggingar- og málmíðnaði. Markmiðið er að myndböndin gefi góða innsýn í þessi störf og kveiki áhuga hjá ungu fólki sem er að velja sér framtíðarstarf. Eins er markmiðið að vekja athygli nemenda og foreldra þeirra á hagnýtu og skemmtilegu námi sem opnar leiðir inn í fjölbreytt framhaldsnám og starfsvettvang þar sem eftirspurn er eftir fólki og framtíðarhorfur góðar.

Myndböndin eiga að nýtast nemendum, foreldrum, náms- og starfsráðgjöfum og öðrum fræðsluaðilum. Hvert myndband er 90 sekúnda langt en mælt er með því að horfa á þau öll til að fá heildarmyndina.

[Smíða](#)

[Byggja](#)

[Framleiða](#)

[Um störf](#)

Eins lét Rafiðnaðarsambandið nýlega gera fimm myndbönd um störf í rafiðnaði:

[Störf í rafiðnaði](#)

[Óbeint rafmagn](#)

[Hvernig komst ég hingað?](#)

[Framtíðin, menntun og störf](#)

[Allt hægt með rafmagni](#)

Myndböndin eru hluti af verkefni sem unnið er í ráðuneytinu sem hefur það markmið að efla kynningu á iðn-, verk- og tækninámi. Sjá nánar: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8010>

Nánari upplýsingar veitir:

Elín Thorarensen, verkefnastjóri

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

S. 861 3823